

Heimspeki með börnum.

Kennsluleiðbeiningar með bókinni:

Blómin á þakinu

eftir Ingibjörg Sigurðardóttir,
myndir eftir Brian Pilkington.
Mál og menning 1985

Blómin á þakinu.

Gefin út 1985 af Máli og menningu

Þetta eru kennsluleiðbeiningar sem unnar voru í heimspekisamræðum við leikskólabörn í leikskólanum Lundarseli á Akureyri, út frá bókinni Blómin á þakinu. Hugmyndir fylgja af ýmsum verkefnum sem hægt er að vinna út frá efni bókarinnar.

SKRÍTIN

Hvað þýðir það?

Dæmi, takk?

Er nokkuð sem bannar ömmu að vera svona fjörug?

Er nokkuð sem bannar ömmu að vera svona skrýtin?

ALLT ÖÐRU VÍSI EN AMMA

Hvernig líta ömmur út?

Lýsingarorð sem eiga við ömmur?	Já/Nei
Ömmur eru fjörugar	
Ömmur eru illilegar	
Ömmur eru glaðlegar	
Ömmur eru góðlegar	
Ömmur eru önugar	

Ræða þessar tillögur. Hvers vegna og hvers vegna ekki?

Biðja börnin um uppástungur?

Ömmur eru...	
Ömmur eru ...	
Ömmur eru...	
Ömmur eru...	
Ömmur eru...	
Ömmur eru...	
Ömmur eru...	
Ömmur eru...	

Eru þá allar ömmur eins? Hvers vegna og hvers vegna ekki?

Hvað er líkt með ömmum og mömmum ?

Hvað er ólíkt með þeim?

Hvað er líkt með ömmum og blómum?

Hvað er ólíkt með ömmum og steinum?

AMMA

- Hvað eru ömmur gamlar?
- Eru allar ömmur orðnar stórar stelpur?
- Eru ömmur í eins fötum og þið?

ALEINN/ALEIN-LEIDDIST EKKI

- Leiðist manni ef maður er ein/einn?
- En þegar það eru tveir saman? Eða þrír?
- Leiðist manni ef einhver eða eitthvað lifandi er hjá manni?
- Af hverju leiðist manni?
- Er hægt að vera leiður á svipinn en glaður inn í sér?
- Er hægt að vera glaður inn í sér en leiður á svipinn?

LEIKA SÉR VIÐ

- Leika ömmur sér oft við dýr?
- Er hægt að leika sér við kýr?
- En hænur?
- Er hægt að vera vinur kisu?
- Hvað þýðir: Að leika sér við?
- Við hvern leikur amma sér?

HEPPIN

Hvernig getur amma orðið heppin við það að þurfa ekki að fara út í búð?

Er maður heppin ef...?	Já/Nei
Það kemur rigning	
Ef nammidagar eru alla daga	
Hjólið manns brotnar	

Uppástungur barnanna:

GETI BARA ALLT

- Gefið dæmi um eitthvað sem við höldum (ég held/hún heldur).
- Gefið dæmi um eitthvað sem við getum (ég get/hún getur).
- Gefið dæmi um eitthvað sem við getum ekki?
- Hver er munurinn á því að halda og geta? Og hver ákveður það?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 1 Verkefni:

- ◇ Teikna ömmur og hefja samræður, nota „Sókratískar spurningar“. Velja eina teikningu til að stækka upp og nota þá tæknina – þ.e. myndvarpa. Draga ömmuna upp á maskínupappír og spjalla á meðan. Mála síðan og klippa út.
- ◇ Leika dýrin hennar ömmu og velta fyrir sér hvort gaman væri að leika við þau. En finnst dýrunum gaman að leika við ömmu eða okkur? Finnst kisu gaman að leika sér við okkur? Eða finnst kisu bara gaman að leika sér við aðra kisu? Hvernig vitum við hvernig kisu líður?

AÐ LÆKNA

- Getur maður læknað sig sjálfur?
- Hvernig?
- Hvers vegna ekki?
- Hvernig lækna lækningar?
- Dæmi, takk?
- Hvers vegna getur hann læknað?
- Hvað þarf til?

LENGI

- Læknirinn var lengi á leiðinni af því hann bjó langt í burtu?
- Hvað er langt í burtu eða löng leið?
- Er langt á milli Akureyrar og Reykjavík?
- En niður á andarpoll?
- En héðan og út í garð?
- Hver ákveður hvað er langt og hvað er stutt? (nota mislanga spotta eða misstutta spotta)

EKKERT VIT

- Læknirinn sagði að það væri ekkert vit fyrir ömmu að búa svona ein?
- Hvað meinti hann með því?

AÐ HRINGJA

- Geta dýr hringt?
- En börn?
- Hvað geta dýr gert?
- Hvað gerir dýr að dýri?

SJÁ UM SIG SJÁLFUR

- Hvað þýðir að sjá um sig sjálfur?
- Dæmi, takk?
- Geta allir séð um sig sjálfir? Hvernig þá?
- Skiptir máli að læra að sjá um sig sjálfur?

REIÐ

- Amma var allt í einu ekkert reið lengur. Af hverju?
- Hvað gerði hún til þess að hætta því?
- Hvað veldur reiði?
- Er hægt að stjórna því hvenær maður er reiður og hvenær ekki?
- Hvernig þá?
- Getur maður verið reiður án þess að vita það?
- Er hægt að vera reiður við einn en ekki annan á sama tíma?

- Hvað gerum við ef einhver er reiður við mann?

HÁLF BRÁ

- Hvað þýðir það að segja mér hálf brá?
- Er það það sama og að segja mér brá?

Amma skipti um skoðun -á þessari síðu- á hverju?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 2. Verkefni:

- ◇ Fara í læknisleik og hefja samræður um hugtakið að lækna og ræða um heilbrigði.
- ◇ Fara í stutta gönguferð og spyrja hvort ferðin var löng eða stutt. Síðan að segja börnunum hvað ferðin var löng í tölum – km eða cm. Spyrja aftur og ræða svo áfram um teygjanleika hugtaksins.
- ◇ Leika þessa „síðu“ fyrir önnur börn og fá leikendur og áhorfendur til að spjalla.

MIKIL VINNA

- Hvernig er lítil vinna?
- Er mikil vinna merkilegri en lítil vinna?

SELJA - KAUPA

- Hvað er hægt að selja og kaupa?
- Er hægt að selja/kaupa sama hlutinn tvisvar?
- Til hvers þarf maður að kaupa hluti?
- Til hvers þarf maður að selja hluti?

NOTA PENINGA

- Til hvers þarf maður peninga?
- Hvernig er hægt að nota peninga?

Hvað er hægt að kaupa með peningum?	
Hvað er ekki hægt að kaupa með peningum?	

Kostar hús jafnmikið og sleikjó?

Ef að væru engir peningar væru til í heiminum, hvað þá?

KVEÐJA DÝRIN

- Hvernig segir maður bless við dýr?
- Tala dýr sama tungumál og við?
- Hvernig segir maður bless á frönsku, dönsku, ensku?
- Liggur sama tilfinning á bakvið kveðjustund á frönsku og íslensku?

LEIÐ YFIR ÞVÍ

- Af hverju var amma leið yfir að kveðja dýrin sín?
- Hvenær verður maður leiður?
- Er hægt að vera leiður yfir því að hafa tínt vettlingunum sínum?
- Er maður leiður yfir að eiga engan vini?
- Er maður leiður ef maður fær stóran sleikjó?

HLAKKA TIL

- Hvað þýðir það að hlakka til?
- Getur ömmu hlakkað til þess sama og krakka?

SKOÐA

- Með hverju skoðar maður? Nefinu, augunum, eyrunum, fingrunum munninum?
- Dæmi, takk.
- Getur maður skoðað sömu hlutina með öllu þessu?
- Er sumt sem er bara hægt að skoða með til dæmis nefinu?
- Eins og hvað?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 3 Verkefni:

- ◇ Hætta að lesa á miðri bls. 3 við setninguna „Hvað átti hún að gera við þau?“ Fá börnin til að ákveða það og þá framhaldið á þessum sögubút. Lesa seinna hvernig amma fór að þessu – framhaldið. Var munur? Hver var hann?
- ◇ Fara í búðarleik og spjalla um verðlag? Af hverju kosta ekki allir hlutir það sama? Kosta litlir hlutir alltaf minna en stórir? Hvað er það sem stjórnar því hvað hlutir kosta?
- ◇ Byggja til dæmis með einingarkubbum nýju blokkina hennar ömmu og spjalla.
Hvernig vitum við hvernig á að byggja svona hús?
Hvað þurfum við að hafa?
Geta hús stækkað?
Geta blóm stækkað?
Hvað getur stækkað?
Hvernig?

EKKERT GLÖÐ

Ég var ekkert glöð þegar ég sá hvað var í hádegismatinn í dag, af því að það var...
Mér finnst það...af því að...
Ég var ekkert glöð þegar ég flutti, af því að það var...
Mér finnst það...af því að...

SKRÍTIN KONA

- Hvernig eru skrítnar konur?
- Hvað gerir fólk skrítið? Hver segir það?

ÓÞEKK

- Getur fullorðið fólk verið óþekkt?
- Geta börn verið óþekkt?
- Hver segir það?
- Hvaðan hefur hún/hann það?

HLJÓÐAÐI UPP YFIR SIG

- Hvað þýðir það?
- Er til annað orð yfir það?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 4
Verkefni

◊ Mála óþekkustu konu sem hægt er að hugsa sér. Notaðu spurningarnar um óþekkt.

◊ Dansaðu eins og óþekkt kona og stilltu börn.

◊ Notaðu hljóðfæri til að líkja eftir Gunnunúonu sem var ekkert glöð á svipinn, hvernig gengur hún. Þekkir einhver tilfinningar okkar betur en við sjálf? Hvernig vitum við það sem við hugsum og finnum?

AÐ GLEYMA

- Af hverju haldið þið að amma hafi gleymt alveg kettinum?
- Hverju er hægt að gleyma?
- Er hægt að gleyma sjálfum sér?
- Er hægt að gleyma að lifa?
- Hverju má gleyma?
- Hverju má ekki gleyma?

BLÓM

- Til hvers eru blóm?
- Á hverju lifa blóm?
- Hvernig eru blóm lík okkur?
- Hvernig eru blóm ólík okkur?
- Eru blóm lík steinum?
- Eru blóm lík hverju öðru?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 5 Verkefni:

- ◇ Gera eins og amma gerði, beygja sig í hnjúnum og athuga hvort útsýnið breytist og rétta úr sér aftur. Spjalla um mismunandi útsýni okkar og túlkun okkar á því.
- ◇ Biðja tvö börn að setjast andspænis hvort öðru og halda svo á bók á milli þeirra og biðja þau að lýsa því sem þau sjá – sama bókin en tvær hliðar. Mismunandi útsýni.
- ◇ Setja fræ, baunir og/eða steina úr appelsínum og eplum í blómapotta og spjalla.

EITTHVAÐ NÝTT Á HVERJUM DEGI

- Ekkert er nýtt undir sólinni er stundum sagt, eruð þið sammála því?
- Er regndropinn í dag alveg eins og regndropinn frá því í gær?
- Er regndropinn alveg nýr, hefur hann séðst áður?

SÁ ALLT

- Er hægt að sjá allt?
- Er hægt að sjá allt í herberginu?
- Er hægt að sjá allt í heiminum?
- Skilur maður betur það sem maður sér?

Af hverju var skrítið að amma keypti saxafón?

LÆRA

- Þarf maður að læra að spyrja spurninga eða getið þið alltaf spurt ef þið skiljið ekki?
- Hvort er mikilvægara að læra að spyrja eða svara?

DÖPUR OG AÐ VERA Í FÝLU

- Hvað er að vera dapur?
- Hvernig er maður þá á svipinn?
- Hlær maður þá?
- Hvernig getur maður hætt að vera dapur?
- Er það að vera dapur það sama og vera í fýlu?
- Af hverju var amma í fýlu?
- Get ég vitað hvers vegna?

HÆNURNAR

- Amma hafði nóg pláss af því hún átti ekki barn?
- Er það rétt?

KLÁR

- Hvað er að vera klár, hvernig er maður þá?
- Er hægt að vera eldklár og latur?
- Er hægt að vera eldklár og leiður?
- Er hægt að vera eldklár og reiður?

BULL

- Hvað er bull?
- Hver ákveður hvað er bull og hvað ekki?
- Er eitthvað til sem er sjóðandi bull?
- Er bull alltaf rugl?

FÍFLALÆTI

- Hvernig eru fíflalæti og hver ákveður það hvað er fíflalæti?
- Geta allir sýnt fíflalæti?
- Getur amma sýnt fíflalæti?
- Getur kisa sýnt fíflalæti?
- Getur karlinn í tunglinu sýnt fíflalæti?

SKEMMTILEG

- Hvernig er maður skemmtilegur?
- Hvað finnst ykkur skemmtilegt?
- Er skemmtilegt það sama og leyfilegt?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 6
Verkefni

- ◇ Biðja börnin að gera sig fyndin í framan, döpur, fýld og eins og þau séu að læra eitthvað, klár, vera með fíflalæti og vera skemmtileg. Spjalla í leiðinni um hugtökin og leitast við að skilgreina þau.
- ◇ Mála fyndni, reiði, undrun og fl. Getur þú verið gulur af reiði?

HÆNURNAR

- Af hverju þorðu hænurnar ekki í lyftu?
- Af hverju kunna hænur ekki að fljúga?
- Hvernig geta hænur verið fuglar ef þær kunna ekki að fljúga?
- Hvað þorir maður og hvað ekki? Dæmi um takmörk.

FEGIN

Ég er feginn að ég fékk ekki nammi í gær því þá skemmast ekki í mér tennurnar.
Ég er feginn að...af því að þá...
Ég er feginn að ...af því að þá...

ÆRAST

- Hvað þýðir það að ærast?
- Komið með dæmi?

FEGINN-EN SAMT

- Er Snjólfur feginn eða ekki feginn að fá hænurnar til sín?
- Er til einhver regla sem segir að kettir séu fegnir eða ekki fegnir að fá fugla til sín?
- Hvernig mætti athuga hvort væri rétt?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 7
Verkefni

- ◆ Gera blöðruhænur og ræða almennt um umgengni við dýr. Haldið þið að menn geti skilið hvernig það er að vera hæna? Haldið þið að hæna geti skilið hvernig er að vera maður? Hugsar kjúklingur um hvað hann verður þegar hann er orðinn hæna? Má taka egginn frá hænum? Má skjóta hænur?

BJÓ TIL

- Hvað er hægt að búa til?
- Hver bjó til heiminn?
- Er hægt að búa til eitthvað úr engu?

DREYMA

- Að láta sig dreyma?
- Hvað eru draumar?
- Hver stjórnar hvað maður dreymir?

ÍMYNDA

- Ímynda sér sveitina eins og amma gerði, hvernig lykt væri þá?
- Hvað sæjum við þá?
- Hvað heyrum við þá?

FJÖLLIN MÍN

- Getur amma átt fjöllin?
- Getur krakki átt fjöll?
- Hver á fjöllin?
- Hver ákveður það?

HORFA FAST

- Ef hægt er að horfa fast hvernig horfir maður þá laust?

SPENNINGI

- Hvernig líður manni þegar maður er spenntur?
- Hvenær er maður spenntur?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 8

Verkefni

- ◆ Teikna draum útskýra myndina sína og taka við fyrirspurnum.
- ◆ Teikna mismunandi lyktir og spjalla. Hvernig er ilmvatnslykt, skærallykt eða sveitalykt á litin?
- ◆ Fara í gönguferð til að hlusta á umhverfishljóðin í bænum okkar. Taka diktafón með og hlusta svo aftur á bæjarhljóðin og greina þau. (Einnig væri gott að hlusta á snældu með umhverfishljóðum í sveit) Ef þú værir einn í heiminum væru þá umhverfishljóð?

ÞÚ VERÐUR

Að verða, að vilja, að þurfa. Hver er munurinn á þessu?

Þú verður að ...
Þú vilt ...
Þú þarft ...

Eruð þið sammála?

Hafið þið sannanir/eruð þið viss?

ÉG MÁ

- Hvernig vitum við hvað má og hvað má ekki?
- Er til eitthvað sem bara börn mega gera? Dæmi.
- Er til eitthvað sem bara fullorðnir mega gera? Dæmi.
- Er til eitthvað sem bara kysur mega gera? Dæmi.
- Af hverju má skreyta jólatré á jólnum en ekki á sumrin?
- Hvar eru jólatréin á sumrin?

BANNAÐI MÉR

- Er munur á að banna og að biðja?
- Er nauðsynlegt að banna?
- Gilda boð og bönn um alla hluti?
- Hvernig veit ég að ég er að fylgja boðum og bönnum á réttan hátt?
- Getur eitthvað verið bannað í leikskólanum en ekki heima?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 9
Verkefni

- ◆ Börnin setja upp leikpátt um það sem ekki má, hægt að styðjast við og leika lagið um það sem er bannað. – Þetta fullorðna fólk er svo skrítið. Ræða um textann eða það að mega ekki. Eiga fullorðnir að stjórna börnum?

HVÍLA OKKUR

- Hvenær hvílir maður sig? Hver ákveður það?
- Af hverju þurfum við að hvíla okkur?
- Eru til margar aðferðir til þess að hvíla sig?
- Dæmi.

BESTA SEM ÉG VEIT

Hvað er það besta sem þið vitið?

Það besta sem ég veit er ... af því að það er ... og mér finnst það ... af því að ...
Það versta sem ég veit er ... af því að það er ... og mér finnst það ... af því að ...

GRAS Á ÞAKINU

- Eru til hús með grasþaki?
- Hvað þarf hús?
- Hafa öll hús þak?

BARA ÖMMUR MEGA FARA UPP Á ÞAK

- Passar það?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 10
Verkefni

- ◆ Teikna torfbæ og blokk með gras á þakinu og hefja samræður. Biðja börnin að útskýra sína mynd og hvetja hin börnin til að spyrja. Ræða um hefðir, hver er byggingarhefðin.

AF ÞVÍ SEM FORVITINN MÁ EKKI VITA

- Hvað átti amma við?
- Hvað haldið þið að hún ætli að gera við heyið?

SVO GAMAN ...AÐ ÉG NENNI VARLA HEIM

Uppástungur barnanna:

Svo gaman í leikskólanum að ég nenni varla heim.
Svo gaman...að ég nenni varla heim.
Svo gaman...að ég nenni varla heim.
Svo gaman...að ég nenni varla heim.

Ræða um það hvort að nenna eða nenna varla sé það sama.

Ef maður nennir varla, gerir maður það samt?

Óhefðbundin heimspeki með bls. 11
Verkefni

- ◇ Skoða svipbrigðamyndir og ræða um það hvernig fólkinu líður á myndunum og prófa að gera eins. Er hægt að vera forvitinn á svipinn? Er til eitthvað sem glaður má ekki vita? Þá veltum við fyrir okkur hvernig amman sé oftast á svipinn. Þælum í tilfinningum og hvenær, hvar og hvers vegna við sýnum ákveðnar tilfinningar? Er það eins í Kína?

BÚA TIL SVEIT Í BORG

- Er hægt að útbúa sveit í borg?
- Er hægt að útbúa leikskóla heima?
- Er hægt að útbúa sundlaug inn í herberginu okkar?
- Er hægt að búa til allt sem mig langar til?

ÖÐRUVÍSI EN ALLIR AÐRIR

- Hvað þýðir það?

HÚN GETUR ALLT

- Stenst það?
- Er til einhver sem getur allt?
- Hvað er allt?
- Hvernig vitum við að allt er allt?
-

Allt/sumt/ekkert	
	...í leikskólanum er skemmtilegt.
	...í dótabúðinni er spennandi.
	... í sjónvarpinu er leiðinlegt.

Ræða um muninn á allt sumt eða ekkert.

SKYLDI KÝRIN HENNAR ÖMMU ÞORA Í LYFTU?

- Hvað haldið þið?
- Útbúið framhald.

Óhefðbundin heimspeki með bls. 12

Verkefni

- ◆ Finna tónlist/hermitónlist úr sveitinni og borginni. Finna út hvaða tónlist tilheyrir hvorum stað. Er það algilt?

◇ Sýna börnunum forsíðumyndina af ömmu (ljósrita mynd handa öllum börnunum til þess að pottpétt næði skapist til að skoða ömmu vel.)

- Lítur hún eins út og þið hélduð?
- Hún er með gleraugu, hún brosir, stór eyru, sítt hár...
- Hvað var þessi saga að segja okkur?
- Hvað var skrítið við hana?
- Var hún raunveruleg?
- Hvað gekk ekki upp?
- Hvað var skemmtilegt og hvað var leiðinlegt, finnst öllum eins?